

Viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Viðskiptanefnd  
Dagsetning: 23.11.2007  
Málsnúmer: VRN07090013  
Bréfalykill: 55.010

Efni: Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda

Meðfylgjandi eru viðbrögð viðskiptaráðuneytisins vegna umsagna sem borist hafa viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, mál nr. 67.

**2. gr. Samningsfrelsi um lengd fyrningarfrests.**

Neytendasamtökin leggja til í umsögn sinni að lagðar verði hömlur við frelsi til að semja um styttri fyrningartíma inneignarnóta og gjafabréfa en almennar reglur frumvarpsins kveða á um.

Ráðuneytið er meðvitað um vandamálið en telur ekki að frumvarp til fyrningarlaga sé réttur vettvangur til að taka á því. Frekar mætti skoða að gera breytingu á lögum um neytendakaup.

**4. gr. Fyrning krafna vegna innlána.**

**1. mgr. 4. gr. Gildissvið ákvæðisins.**

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að bankinn telji ekki ljóst hvort að fyrningarregla ákvæðisins, sem kveður á um 20 ára fyrningarfrest, taki einnig til verðbréfalána, en með því er átt við að verðbréf séu yfirfærð tímabundið frá einum aðila til annars gegn þóknun.

Ráðuneytið telur að umrædd verðbréfalán falli undir ákvæðið.

**2. mgr. 4. gr. Skylda til að vekja athygli kröfuhafa á fyrningu.**

Í umsögnum Fjármálaeftirlitsins, SFF, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjárfesta eru gerðar athugasemdir við að orðalag 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins sé óskýrt, en þar er kveðið á um skyldu þeirra sem hafa heimild til að taka við innlánnum eða verðmætum til að gera eðlilegar ráðstafanir til að vekja athygli kröfuhafa á yfirvofandi fyrningu.

Ráðuneytið getur fallist á ábendingar Fjármálaeftirlitsins og tillögu stofnunarinnar um orðalagsbreytingar. Samkvæmt þeim mundi 2. mgr. 4. gr. orðast svo:

*Krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna vekji athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannanlegan hátt, á að krafan sé að fyrnast.*

Þá væri það til þess að auðvelda túlkun ákvæðisins að skýra það í nefndaráliiti hvað átt sé við með sannanlegum hætti, en slíkt myndi t.d. teljast tilkynning send með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti.

**5. gr. Fyrning krafna sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð.**

Í umsögn Seðlabankans er sett fram sú spurning hvort að verið sé að mismuna kröfum eftir því hvernig skráningu þeirra er háttað, en í 1. mgr. 5. gr. er kveðið á um að kröfur samkvæmt skuldabréfi og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnist á

tíu árum. Önnur verðbréf munu hins vegar fyrnast samkvæmt almennum reglum frumvarpsins á fjórum árum.

Ráðuneytið bendir á að mjög stór hluti verðbréfa er skráður rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð og hafa slík rafræn verðbréf verið að leysa af hólmi áþreifanleg verðbréf á þeim áratug sem liðinn er frá gildistöku laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í norskan rétt og er ekki vitað að ákvæðin hafi valdið vandkvæðum þar. Því telur ráðuneytið ekki þörf á að gera breytingar á frumvarpinu vegna þessarar athugasemdar Seðlabankans.

#### **7. gr. Lengd fyrningarfrests ábyrgðarskuldbindinga.**

Í umsögn Neytendasamtakanna er því velt upp hvort að verið sé að auka byrgðar ábyrgðarmanna með lengri fyrningarfresti.

Ráðuneytið bendir á að í 7. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að ábyrgðarkröfur fyrnast eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna, en samkvæmt gildandi lögum er fyrningarfrestur ábyrgðarkrafna fjögur ár, en í lögnum eru einnig að finna flóknar sérreglur. Samkvæmt gildandi lögum getur því sú staða komið upp að hefja þurfi aðgerðir til að rjúfa fyrningu gegn ábyrgðarmanni löngu áður en upprunalega krafan fyrnist. Þá gera sérreglurnar regluverkið flókið. Því telur ráðuneytið breytingu á lengd fyrningarfrests ábyrgðarskuldbindinga til einföldunar og hagræðis fyrir alla.

#### **9. gr. Fyrning skaðabótakrafna.**

Lögmannafélagið, ASÍ og Neytendasamtökin gera athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins um fyrningu skaðabótakrafna, en þar er kveðið á um fjögurra ára fyrningarfrest skaðabótakrafna utan samninga og skaðabótakrafna fyrir líkamstjón. Lagt er til í frumvarpinu að upphaf fyrningarfrests miðist við þann dag þegar tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Krafan fyrnist þó alltaf í síðasta lagi tuttugu árum eftir að tjónsatburði lauk, með tilteknum undantekningum varðandi líkamstjón. Samkvæmt núgildandi lögum fyrnast skaðabótakröfur á tíu árum frá þeim degi er krafa verður gjaldkræf, en þó er nú að finna reglur í sérlögum um styttri fyrningartíma. Þannig er unnt að hafa til hliðsjónar 99. gr. umferðarlaga, nr. 55/1987, en þar er kveðið á um að allar bótakröfur sem byggðar eru á XIII. kafla umferðarlaganna fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur skv. XIII. kafla umferðarlaganna fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Sömu reglu er að finna í lögum um váttryggingarsamninga.

Ráðuneytið bendir á að rökin að baki styttingu fyrningartíma skaðabótakrafna séu þau að samræma almennan fyrningarfrest skaðabótakrafna við fyrningarfrest skaðabótakrafna samkvæmt sérlögum, enda ekki eðlilegt að munur sé á fyrningarfresti eftir því hvort að rekja má örorku til umferðarslyss eða vinnuslyss. Þá fyrnast skaðabótakröfur á hinum Norðurlöndunum á þremur árum og eru reglur um upphafstíma fyrningar svipaðar og lagt er til í frumvarpinu.

#### **15. gr. Fyrningu slitið með málssókn.**

##### **2. mgr. Fyrningu slitið þegar mál telst höfðað.**

Lögmannafélagið telur að ákvæði 15. gr. um slit fyrningar með málssókn fyrir dómi séu ekki nægilega skýr. Telur félagið að skilgreina þurfi í lögnum hvenær mál telst höfðað.

Ráðuneytið bendir á 93. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, en þar kemur fram að mál telst höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál. Telur ráðuneytið eðlilegt að miða upphaf málssóknar við þá reglu sem kemur fram í lögum

um meðferð einkamála og að það sé fallið til að valda réttaróvissu að lögfesta sérstaka reglu um það hvenær mál telst höfðað í fyrningarlögum. Ef nefndin telur óskýrt hvað átt er við í ákvæðinu mætti skýra það nánar í nefndaráliti þannig að vilji löggjafans sé augljós. Þar mætti vitna í ákvæði 93. gr. og taka fram að mál teljist höfðað þó að það sé ekki þingfest, en í slíkum tilvikum mundi ákvæði 22. gr. frumvarpsins um það hvað gerist þegar máli er vísað frá dómi eða það fellt niður eiga við.

### **3. mgr. Slit fyrningar þegar ágreiningur er lagður í gerð.**

Í umsögn talsmanns neytenda var gerð athugasemd við að frumvarpið virtist ekki gera ráð fyrir því að sama gildi um gerðardóma samkvæmt lögum og gerðardóma samkvæmt samningi.

Ráðuneytið telur að orðalagsbreyting á ákvæðinu gæti verið til skýringar. Ef nefndin telur þörf á breytingu gæti slík tillaga falið í sér að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. 15. gr. á eftir 1. másl. málsgreinarinnar, svohljóðandi: *Sama á við um lögbundna gerðardóma*. Þá mætti gera eftirfarandi breytingu á síðasta másl. 3. mgr.: *Í stað orðanna „slíku máli” í 3. másl. 3. mgr. komi: gerðardómsmáli*.

### **16. gr. Slit fyrningar þegar mál er lagt fyrir stjórnvald eða kærunefnd.**

Í umsögn Neytendasamtakanna og Samtaka atvinnulífsins er fjallað um að óskýrt sé hvaða kæru- og umkvörtunarnefndir falli undir 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins.

Í fyrri másl. 2. mgr. kemur fram að kæru- eða umkvörtunarnefndir sem settar eru á fót af skuldara eða af starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Í síðari másl. málsgreinarinnar kemur fram að það sama gildi um aðrar kæru- og umkvörtunarnefndir ef skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir slíkar nefndir. Því er ekki um það að ræða að ákveðnar kærunefndir falli ekki undir ákvæðið heldur er það gert að skilyrði fyrir að ákvörðun slíkrar nefndar rjúfi fyrningu að skuldari hafi einhver tengsl við kærunefndina eða hann samþykki að krafan fari fyrir slíka nefnd. Er ákvæðið í samræmi við norsk fyrningarlög.

### **17. og 18. gr. um slit fyrningar með fjárnámi og við gjaldþrotaskipti.**

Athugasemdir Tollstjóra snúa m.a. að því að því að ósamræmi sé á milli 17. og 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið sé á um það í 3. mgr. 21. gr. að kröfuhafi njóti tíu ára fyrningarfrests ef árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá skuldara, en ef bú skuldara sé tekið til gjaldþrotaskipta gildi fjögurra ára fyrningarfrestur.

Ráðuneytið bendir á að nokkurs misskilnings gæti í umsögn Tollstjóra. Það er rétt að kveðið er á um í 3. mgr. 21. gr. að nýr tíu ára fyrningarfrestur hefjist þegar árangurslaust fjárnám er gert. Í frumvarpinu er hins vegar ekki hreyft við ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga um fyrningu. Í 2. mgr. 165. gr. gjaldþrotaskiptalaganna er kveðið á um að ef kröfu hafi verið lýst við gjaldþrotaskipti og ekki fengist greidd við þau sé fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrji nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum lýkur, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst. Nýr fyrningarfrestur fer eftir því um hvers konar kröfu er að ræða og getur hann verið fjögur, tíu eða tuttugu ár. Það fer því eftir eðli kröfunnar hver fyrningarfrestur er við gjaldþrotaskipti.

### **21. gr. Réttaráhrif þess að fyrningu er slitið.**

Tollstjórinn í Reykjavík gerir athugasemdir við 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um við hvaða tíma skuli miða upphaf nýs tíu árafyrningarfrests ef aðfarargerð fer fram hjá skuldara án þess að krafa fáiast að fullu greidd.

Athugasemdir Tollstjóra snúa í fyrsta lagi að orðalagi ákvæðisins og telur embættið orðin “án þess að krafa fáiast að fullu greidd” ónaðsynleg. Þá er bent á ósamræmi í hugtakanotkun þar

sem talað sé um aðfarargerð og fullnustugerð.

Ráðuneytið telur orðalag það sem er í frumvarpinu skýrt og að ákvæðið yrði óskýrara ef að tilvitnuð orð yrðu felld brott. Sambærilegt orðalag er í samskonar ákvæði í norsku lögunum. Þá bendir ráðuneytið á að aðfarargerðir teljast til fullnustugerða.

Í öðru lagi telur Tollstjóri að frumvarpið feli í sér afdrifaríka efnisbreytingu varðandi rof fyrningarfrests þannig að samkvæmt frumvarpinu skipti ekki máli varðandi fyrningarfrest hvernig til kröfu er stofnað heldur skipti aðeins máli hvernig fyrningu kröfu er slitið.

Ráðuneytið bendir á að í umsögn Tollstjóra gætir nokkurs misskilnings. Samkvæmt gildandi rétti er nauðsynlegt að kanna hvernig fyrningu er slitið, t.d. er fyrningartími tíu ár ef fyrningu er slitið með dómi, óháð því hvert eðli kröfu er.